

Stjórnarfundur haldinn á Hraunsnefi 10.3.2016

Mætt eru

Formaður setti fundinn og byrjað var á að lesa tvær síðustu fundagerðir og voru þær samþykktar.

Umsögn um Reglugerð um lítil matvælafyrirtæki.

Innra eftirlit ekki í samhengi við það sem fólk í Bfb er að gera.

Farið yfir reglugerðina og fundnir ymsir vankantar.

Slæmt að reglugerðin sé lokuð þe að allt sem ekki er tekið fram sem leyfilegt sé þá bannað.

Td efni sem leyfð eru til reykinga á kjöti.

Eins að drög um fiskmarkaði eigi alls ekki við í þessari reglugerð.

Rætt fram og til baka um mismunandi samskipti við heilbrigðisfulltrúa eftir landshlutum.

Ákveðið að senda ráðuneytinu umsögn og athugasemdir Þórarinns Sveinssonar og fara fram á að okkar fulltrúi fái að taka þátt í að þróa drög að reglugerð fyrir heimavinnslu.

Rætt um mun á opnum og lokuðum reglugerðum. Við teljumað svona reglugerðir eigi að vera opnar og unnar helst í samvinnu við hvert fyrirtæki fyrir sig.

Þarna á að vera að semja landsreglur fyrir smávinnslu svo vel þarf að standa að málum.

Hafdís í Húsavík tekur að sér að bæta inn í drög Þórarinns og senda svo á stjórn.

4. Nýir bæir sem sækja um aðild eru Lindabrekka Guðbjörg Guðlaugsdóttir og Hilmar Þór Sunnuson Kálfakjöt og fl. Hjarðaholt Þorvaldur T Jónsson og Hrefna Jónsdóttir með nauta og lambakjöt og Ytri Víðivellir Bjarki Jónsson og Kristín Gunnarsdóttir með skógarafurðir.

Allir samþykktir.

5. Hrafnagil 2016. Ákveðið að taka þátt svipað og í fyrra.

6. Vegahandbókin, Ákveðið að endurnýja auglýsingu.

7. Gæðahandbók. Samþykkt að reyna að fá Þórarinn Sveinsson til að samræma norsku og sænsku reglugerðina um heimavinnslu við okkar hugmyndir.

8. Krellur gagnagrunnur tekið fyrir og kynnt.

9. Aðalfundur 2016 Ath að vera á Hraunsnefi 16.april 2016.

10. Fjármál.

Til um fjórar og hálf milljón. Sendar voru styrkumsóknir á 17 aðila öll svör sem borist hafa eru neikvæð.

11. Önnur mál.

Kynntur var úrskurður ráðuneytis vegna söluleyfismála fyrir Syðri Haga og þar segir að heilbrigðiseftirlit eigi að hafa umsjón með þessum málum og veita söluleyfi.

Á þrem árum í baráttu fyrir svörum frá ráðuneyti og matvælastofnun hafa fengist tvö svör. Þe f Syðri Haga og svar um það magn sem telst til smáframleiðslu þe 300 kg/ lítra á viku..

